

Starfsskýrsla.

Sigurðar Jónassonar, Laugabrekku, árið 1960.

Veturinn 1959 til 1960 var einn með allra mildustu vetrum, sem komið hafa hér norðan lands um alllangt skeið. Mun óhætt að fullyrða, að elstu mann hér í Skagafirði telja sig aldrei hafa lifað svo snjóléttan og yfirleitt hagstæðan vetur hvað veðurfar snerti.

Má segja, að aðeins einu sinni hafi fest hér snjó að nokkru ráði allan veturinn. Var það snemma í nóvember að hrið gerði af norðri með allmikilli fannkomu og kvassviðri, sem hélst hér í 2 sólarhringa. Eftir þetta áhlaup var stórfenni nokkurt víða um héraðið. En skömmu síðar hlýnaði í veðri, svo fönn tók upp að mestu.

Eftir þetta má telja, að snjólaust væri allan veturinn hér í innsveitum Skagafjarðar.

Í utanverðu héraðinu, einkum austan fjarðarins, snjóaði þó nokkuð öðru hvoru en aldrei svo, að fannalög yrðu þar nein að ráði.

Um miðjan veturinn voru stillur og nokkurt frost, en þegar kom fram á útmánuðina var oft votviðrasamt og tíð umhleyppingasöm. Sunnanátt var hér mjög ríkjandi seinni hluta vetrarins, oft nokkrir stormar, en kvassviðri fátið.

Síðast í marz og fram um miðjan aprílmánuð var hér hlýtt í veðri, og það svo, að lítils háttar fór að örlla á gróðri, og jafnframt fór að votta fyrir laufgun á sumum tegundum plantna

í græðireitnum. En úr miðjum apríl kólnaði nokkuð, og héldust næturfrost allt til mánaðarmóta. Var þá oft hlýtt að deginum og allmikið sólfar, en kólnaði jafnan með kvöldinu. Þetta tíðarfar var vissulega mjög óheppilegt fyrir plönturnar í græðireitnum, en olli þó minni skemmdum en líklegt mátti teljast. Þó hafði þetta í för með sér nokkur vanhöld, sem síðar verður greint frá.

Með maí hlýnaði nokkuð í veðri, en þó bar við að frysi á nóttum fyrri hluta mánaðarins.

Eftir þennan mjög mjúlda vetur, var klaki í jörð með allra minnsta móti, eins og gefur að skilja. En þó var hann öllu meiri en vænta mátti og hélst nokkuð fram eftir vori.

Veðurfarið í sumar, það er að skilja frá miðjum maí og fram á haust, tel ég að verið hafi afburða gott. Að vísu var nokkur skortur á úrkomu hér, einkum þó þegar kom fram á sumarið. En slíkt er ekki nýtt fyrirbæri, því hér mun úrkomumagn vera minna en víðast hvar annars staðar á landinu.

Norðan-næðingarnir, sem hér hafa verið ríkjandi undan farin vor með hörðum næturfrostum, jafnvel út júnimánuð, voru aðeins sjaldgæf fyrirbrygði í þetta sinn og frosta vaðð aldrei vart eftir að maímánuði lauk.

Síðsumarfrost, sem hér eru mjög algeng og oft valda tjóni í trjáræktinni, komu ekki að sök í þetta sinn. Að vísu fraus nokkuð næturnar 25. - 27. ágúst, og lá þá við skemmdum í græðireitnum, en okkur tókst að verja plönturnar með yfirbreiðslum, enda var frostið ekki mikið.

Haustið var gott og veturinn til áramóta var sérlega mildur. Snjó festi hér ekki neitt að ráði fyrr en 17. desember.

Vöxtur og þrif plantna. Eins og ráða má af framanskráðu yfirliti yfir veðurfarið, var þetta ár á margan hátt hagkvæmt fyrir trjáræktina. Tvennt var það þó sen á skorti, að það gæti talist með ágætum:

1. Vetrarfönnin brást að mestu leyti í þetta sinn, svo að ekkert skyldi plöntum á bersvæði mestan hluta vetrarins. Þetta hafði í för með sér óvenjumikla holklakamyndun. Og vegna snjóleysisins var jörðin venju fremur þurr eftir veturinn.

2. Úrkomuskortur í sumar mun nokkuð hafa hnekktt vexti plantna á þurrari stöðum, og jafnframt mun hann víða hafa haft í för með sér nokkur vanhöld í gróðursetningu, þó einkum þar, sem plantað var eftir lok maímánaðar.

Í græðireitnum mun þetta ekki hafa komið að sök að öðru leyti en því, að meiri vökvunar þurfti við en ella.

Vöxtur í græðireitnum var mjög jafn og góður í sumar. Einnig voru góð framför í plöntum í skógarreitum nær alstaðar.

Vanhöld í græðireitnum urðu lítil nema í birkisáningu frá 1959. Þar urðu skemmdir af völdum holklaka í nokkrum beðum, svo að í þau varð að sá aftur. Ástæðan fyrir þessu hefur eftir vill verið sú, að ekki hafi verið hlúð nógu vel að þessum beðum fyrir veturinn. Þó voru þau þakin með beitleyngi, eins og venja er hér. Eflaust hefur snjóleysið í vetur átt sinn

þátt í þessu. Öll önnur beð í reitnum litu vel út eftir veturinn.

Ekkert bar á plöntusjúkdómum í græðireitnum nema riðsvepp í birki á öðru ári.

Í sumar fylgdist ég nokkuð með trjávexti í hinum ýmsu girðingum hér í Skagafirði og Húnavatnssýslum.

Víðast hvar var vöxtur mun meiri en nokkru sinni áður. Þó varð ég þess var, einkum í Skagafirði, að plöntur sem stóðu á þurrari stöðum tóku minni framförum en hinar, sem voru í rakara landi. Þetta var vissulega eðlileg afleiðing af því, hve úrkomumagnið var lítið.

Hvergi var um toppkal að ræða að nokkru ráði. Maður á birki var með minna móti, og skjaldlús á furu sá ég hvergi nema í reit Skógræktarfélags Skagfirðinga í Varmahlíð, einnig lítilsháttar í Reykjarhólsgirðingunni, enda er skógarfuran elzt í þessum girðingum.

Gróðursetning var með mesta móti hér í vor. Hafði ég meðgjöf, og að miklu leyti eftirlit, með gróðursetningu á 58800 plöntum í Skagafirði og 13390 plöntum í Húnavatnssýslum. (Garðplöntur eru hér ekki taldar með)

Miklum hluta þessara plantan tel ég að hafi vegnað vel í sumar. En tvímælalaust bezt þeim, er plantað var snemma að vorinu.

Er ég leit í girðingarnar í sumar, varð mér það þegar ljóst, að allt annað útlit var á þeirri gróðursetningu, sem frákvæmd var fyrir mailok en hinn sem plantað var eftir þann tíma.

Í því, sem fyrst var plantað, var yfirleitt um mjög lítil vanhöld að ræða og víða voru þau hreint engin.

Aftur á móti hafði nokkuð farist af þeim plöntum, er seinna voru gróðursettar, og mest voru vanhöldin þar, sem plöntunin fór síðast fram.

Astaðan fyrir þessu er augljós. Fram til mailoka er nægur raki í moldinni en eftir það gerir þurrviðri og jörðin þornar um of. Getur naumast hjá því farið, að plöntur, sem gróðursettar eru við slík skilyrði, þorni og tíni nokkuð tölumni ef ekki er aðstaða til vökvunar.

Til að tryggja góðan árangur af vorplöntun hér í Skagafirði, er það, að mér virðist, höfuðnaðsyn að koma plöntunum í jörðina sem allra fyrst, þarf það að gerast svo snemma sem unnt er fyrir klaka. Að öðrum kosti má reikna með meiri og minni vanhöldum vegna úrkomuleysis.

Í sumar gerði ég tilraun með síðsumrsplöntum hér í Skagafirði. Gróðursettar voru 1000 barrplöntur í girðingu Skógraktardeildar Seyluhrepps að Skörðugili. Ef þetta gefst vel, tel ég líklegt að hér gæti orðið um allmikla plöntun að ræða seinni hluta sumars. Á þeim tíma getur oft verið auðveldara að fá fólk í sjálfboðavinnu en að vorinu.

Nokkuð var unnið hér í sumar að hreinsun frá plöntum í skógarreitum. Grasvöxtur er hér víða það mikill, að hann getur beinlínis kæft unglöntur ef ekkert er að gert. Hefur því víða orðið að fjarlægja grasið, svo plönturnar færu ekki alveg í kaf.

Laufgun hófst ekki að ráði fyrr en upp úr miðjum mai, en lauf fór að falla um 10. sept og var að mestu aflaufga í septemberlok.

Verkafólk. Vinna hófst hér í byrjun mai og stóð yfir til októberloka.

Eins og reikningarnir sýna, er þessi vinna að miklu leyti viðkomandi græðireitnum. Þó kemur ýmislegt fleira til greina, til dæmis endurbætur og viðhald girðinga, gróðursetning í girðingar Skógræktar ríkisins, hreinsun frá plöntum í skógræktargirðingum, áburðargjöf, viðgerð á íbúðarhúsi og flejra.

Hér fer á eftir tala greiddra vinnustunda á árinu og er þar ekki talin með ákvæðisvinna.

Vinnustundir.

Í mai:	Karlm. 275 stundir,	stúlkur 23 stundir,	Unglingar 283 stundir.
Í júní:	Karlm.	stúlkur 416 stundir,	ungl. 416 stundir
Í júlí:	karlm.	stúlkur 416 stundir,	ungl. 416 stundir
Í ágúst:	karlm.	stúlkur 432 stundir,	ungl. 424 stundir
Í sept.:	karlm.	stúlkur 144 stundir,	ungl. 416 stundir
Í október:	karlm.	stúkkur	ungl. 210 stundir

Samt. karlmenn 275 st. stúlkur 1431 st. unglingar 2165 stundir.

Girðingar. Engin girðing var sett hér upp á árinu á vegum Skógræktar ríkisins, en eldri girðingar, Reykjarhóls- og Úlfsstaðagirðingar, voru nokkuð endurbættar. Viðhald á girðingum Skógræktar ríkisins í Húnavatnssýslu var lítið.

Skógræktarfélag Skagfirðinga setti upp 2 nýjar skógræktargirðingar á árinu. Önnur þessi girðing er á Hólum í Hjalta-
dal, í Raftahlíðinni sunnan við Hólastað, en hin er að Árnosi
í Lýtingsstaðahreppi. Árnegirðingin er á vegum Skógræktar-
deildar Lýtingsstaðahrepps, en sú deild var stofnuð á þessu
ári.

Hólagirðingin er 1500 metrar að lengd. Landsstærð 13 ha.
7 þatt gaddavírsgirðing með járn- og tréstaurom.

Árnegirðingin er 430 metrar á lengd, 1 ha. að flatarmáli,
7 strengir og tréstauroar.

Gamla Hólagirðingin var stækkuð á þessu ári um 7 ha.

Nokkuð var unnið að viðhaldi á girðingum Skógræktarfélags
Skagfirðinga í sumari. En óumflyjanlegt er að endurnýja sumar
þeirra á næsta ári.

Undanfarna vetur hefur það verið nokkrum vandkvæðum bund-
ið að verja sumar skógræktargirðingar hér í Skagafirði fyrir
ágangi búpenings. Þegar snjóalög hafa verið mikil og girðing-
ar farið í kaf, hafa útigangshross leitast mjög við að kom-
ast inn í girðingarnar. Jafnan hefur þá verið gripið til þess
ráðs að girða ofan á fannirnar og loka girðingunum á þann hátt.
Þetta hefur oftast komið að notum, en þó hefur borið við, að
hross hafa valdið skemmdum í skógræktargirðingum hér. Síðast
liðin vetur þurfti aldrei að gera slíkar varúðarráðstafanir,
því svo snjólétt var, að hvergi fór skógræktargirðing á kaf í
fönn. En sem betur fer fækkar nú útigangshrossum með hverju

árinu, svo innan skamms er nú þessi hætta úr sögunni.

Fjárframlög til skógræktar í Skagafirði. Á sýslufundi Skagfirðinga s. l. vetur fór stjórn Skógræktarfélags Skagfirðinga þess á leyt, að Skagafjarðarsýsla legði til árlega nokkra fjárupphæð til skógræktar í héraðinu, eigi minni en 30.000.00 krónur ár hvert. Málinu var vel tekið og tillagan samþykkt með samhljóða atkvæðum.

Þá má geta þess, að Hólaskóli kostar að hálfu leyti móti Skógræktarfélagi Skagfirðinga plöntur í Hólagirðingu.

Önnur fjárframlög innan sýslunæðr hefa enn ekki komið til greina.

Græðireiturinn. Eins og hér að framan getur, var vöxtur í græðireitnum með allra bezta móti í sumar og var það án efa tíðarfarinu að þakka. Áburðarmagn var sama og undanfarin ár og í sömu hlutföllum. Vanþöld voru mjög lítil eftir veturinn nema í birkisáningunni frá fyrra ári, og engir skaðar af vor-eða síðsumarfrostum.

Í vor kom ég mér upp 75 m. af skjólgrindum, því skjólbelti vanta hér alveg. Þessar skjólgrindur tel ég mjög góðar og að sumu leyti heppilegri hér en skjólbeltin, en hér vantar 150 metra af grindum til viðbótar.

Í haust bjó ég um plönturnar í græðireitnum á sama hátt og undanfarin ár. Nýju fræbeðin voru þakin með beitleyngi, en yfir eldri sáðbeðin strængdi ég girðingarnet og þakti yfir með limi. Dreifplöntunum skýldi ég með torfstrengjum og limi.

Áburður. Í sáðbeð og dreifbeð ber ég í vor sama áburðar-
magn og s.l. ár.

Í 100 fermetra: 1400 kg sauðatað, 4 kg köfnunarefni, 3 kg
þrífosfat og 3 kg kalí. Öllum öðrum plöntum í reitnum gaf
ég áburð í vor, sem svaraði 5 kg af tilbúnum áburði (garð-
áburði) í 100 ferm.

Um miðjan júní vökvaði ég allt nema sáðbeðin með
áburðarvatni af sauðataði.

Sáning. Sáð var dagana 5. og 6. júní. Aðeins var sáð hér
birkifræi. 8 kg í 300 fermetra.

Spírun var ekki góð og mun þar um að kenna lélegu fræi.

Dreifsetning. Í vor var dreifsett 90974 plöntum. Voru það

þessar tegundir:

Rauðgreni 3/o.....	Vessén. G.....	9932	stk.
Rauðgreni 3/o.....	Leyvja.....	9594	"
Birki 2/o.....	Bæjarst.....	15000	"
Birki 3/o.....	Bæjarst.....	2330	"
Fjallaþöll 2/o.....	Larwing.....	4936	"
Bergfura 2/o.....	Pyrenæa.....	9958	"
Blágreni 2/o.....	Colorado.....	9924	"
Broddfura 2/o.....	Colorado.....	4992	"
Balsamþinur 2/o.....	5000	"
Sitkagreni 2/o.....	Hofer.....	10868	"
Sitkagreni 3/o.....	Seward.....	5356	"
Broddgreni 3/o.....	Colorado.....	3094	"

Samtals 90984 stk.

Dreifsett var í ákvæðisvinnu.

Aðsendar dreifsetningarplöntur.

Frá Vöglum:

Rauðgreni	3/o.....	Vessen G.....	9932	stk.
Birki	2/o.....	Bajarst.....	15000	"
Birki	3/o.....	"	2330	"
Fjallaþöll	2/o.....	Laving.....	4936	"
Bergfura	2/o.....	Pyrenæa.....	9958	"
Blágreni	2/o.....	Colorado.....	9924	"
Broddfura	2/o.....	"	4992	"
Balsamþinur	2/o.....	5000	"

 Samtals 62075 Stk.

Frá Hallormsstað.

Sitkagreni	3/o.....	Honer.....	10868	stk.
------------	----------	------------	-------	------

Plöntusalan. Í vor afhenti ég frá Laugabrekku 73914 plöntur.
 Þar af voru 72190 skógsrplöntur en 1724 garðplöntur.

Í Skagafj. Skógarplöntur:

° Birki 2/2 4/o.....	Bæjarst.....	19630	stk.
+ Skógarf. 2/3.....	Troms.....	7000	"
+ Skógarf. 2/2.....	"	15970	"
+ Skógarfura 2/2.....	S.Salten.....	3000	"
+ Skógarfura 2/2.....	Sjomen.....	2000	"
+ Stafafura 2/3.....	Skagway.....	4430	"
+ Sitkagreni 2/3.....	Cordova.....	610	"
+ Rauðgreni 2/3.....	Rana	3025	"
+ Blágreni 2/4.....	Colorado.....	775	"
+ Lerki 2/2.....	Aldan.....	2360	"

Samt. 58800

58800 stk.

Í Húnavatnss. Skógarplöntur:

° Birki 4/o.....	Bæjarst.....	4200	stk.
+ Skógarf. 2/2.....	Troms.....	5250	"
+ Rauðgreni 2/3.....	Rana.....	1800	"
+ Sitkagreni 2/3.....	Cordova.....	250	"
+ Blágreni 2/4.....	Colorada.....	350	"
+ Stafafura 2/3.....	Skagway.....	1500	"
+ Lerki 2/2.....	Aldan.....	40	"

Samt. 13390

13390

Samtals 72199 stk.

Garðplöntur:

+ Birki.....	1272	stk.
+ Reynir.....	125	"
+ Sitkagreni....	49	"
+ Hvítgreni.....	12	"
+ Blágreni.....	44	"
+ Rauðgreni.....	30	"
+ Lerki.....	71	"
+ Ösp.....	49	"
+ Þingvíðir.....	40	"
+ Gúvíðir.....	32	"

Samtals 1724 stk.

Gróðursett í girðingar Skógræktar ríkisins.

Reykjarhólsgirðing:	Stafafura. 2/3. Skagvay.....	1000	stk.
"	Lerki. 2/3.....Aldan.....	1000	"

Samtals 2000 stk.

Úlfstaðagirðingar:	Birki 4/0.....Bæjarst....	3020	stk.
"	Skógarf. 2/3...Troms.....	500	"
"	Blágreni 2/4...Colorado..	500	"

Samt. 4020 stk.

Gauksmýri:	Birki 3/0.....Bæjarst....	1000	stk.
------------	---------------------------	------	------

Barkarstaðir:	Birki 3/0.....Bæjarst....	500	stk.
"	Skógarf. 2/2... Troms.....	500	"

Samt. 1000 stk.

Plöntur til gróðursetningar vorið 1961.

Birki.....	2/3 Vaglar.....	8000	stk.
Birki.....	4/0 Bæjarst.....	6000	"
Birki.....	2/2 Bæjarst.....	6000	"
Birki.....	3/0 Bæjarst.....	11000	"
Broddogblág..	2/3 Colorado.....	20000	"
Skógarfura...	2/3 Troms.....	4000	"
Rauðgreni...	2/3 Rana.....	9000	"
Lerki.....	2/2 Altay.....	3000	"
Lerki.....	2/4 Askis.....	1000	"
Blágreni.....	2/4 Colorado.....	800	"
Stafafura...	2/4 Skagway.....	2000	"

Samtals 70800 stk.

Garðplöntur:

Reynir.....	600	stk.
Gulv.....	100	"
Pingv.....	50	"
Gráv.....	100	"
Sitkagreni..	10	"
Rauðgreni...	50	"

Samt. 910 stk.

Plöntur til dreifsetningar næsta vor.

Birki.....	2/o	Vaglar.....	1000	stk.
Birki.....	2/o	Hallormsst....	5000	stk.
Broddogblág....	4/o	Colorado.....	6000	"
Sitkagreni....	3/o	Honer.....	5000	"
Blágreni.....	4/o	Colorado.....	9000	"
Bergfura.....	2/o	Pyrenæa.....	8000	"
Broddfura,,,,,	3/o	Colorado.....	7000	"
Broddgreni....	3/o	".....	9000	"
Fjallapínur....	3/o	".....	2000	"

Samtals 61000 stk.

Byggingar. Ekkert var byggt hér á árinu en nokkur viðgerð fór fram á íbúðarhúsinu. Undanfarna vetur hefur þess orðvart, að vatn hefur komist í kjallarann í gegn um útveggi. Sprungur hafa myndast í veggina undir gluggunum, en veggirnir eru að miklu leyti í jörð. Í haust var grafið frá veggjunum og gert við þessar sprungur. Jafnframt var stéttin framan við húsið endurnýjuð og sett niðurfall við kjallaradyr. Þá var og gert við múrhúðun, sem nokkuð var farin að sprýnga frá, einkum á norður- og suðurhlið hússins.

Ferðalög. Eins og sjá má hér að framan var gróðursetning hér með mesta móti í vor. Sjálfur annaðist ég útflutning á þessum plöntum og leiðbeindi við gróðursetningu viðast

hvar, eins og að undanfögnu.

Mest gróðursetning á einum stað, var að Hólum í Hjaltadal, þar var plantað rúml. 30 þúsund plöntum.

Í vor grisjaði ég dálítið í tveimur skógræktargirðingum í Vatnsdal, Haukadals- og Hofsgirðingu. Jafnframt var plantað í þessar girðingar 4000 trjáplöntum.

Á árinu fór ég allmargar eftirlitsferðir um Skagafjörð og Húnavatnssýslur, til að fylgjast með viðhaldi girðinga og vexti trjágróðurs. Þá þurfti ég einnig í sumar að hafa eftirlit með hreinsun frá plöntum í reitum og áburðarsgjöf á nokkrum stöðum. Auk þess valdi ég lönd til skógræktar og hafði umsjón með uppsetningu á skógræktargirðingum í Árnesi í Lýtingsstaðahreppi og Hólum í Hjaltadal.

Á þessu ári var ekki um neinar ferðir að ræða hjá mér utan míns vinnusvæðis, nema að ég fór til Reykjavíkur þrisvar sinnum: Í marz sótti ég þangað skógarvaððafund, í október sat ég þar aðalfund Skógræktarfélags Íslands og í nóvember fór ég þangað á fund skógræktarstjóra.

Laugabrekku, 1. janúar 1961.

Sigurður Jónsson